

Sp.

588. Nefndarálit

[19. mál]

um till. til þál. um endurskipulagningu á olíuverzlun í landinu.

Frá meiri hl. atvinnumálanefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna á tveimur fundum og sent hana til umsagnar til olíufélaganna, Sambands ísl. samvinnufélaga, Verzlunarráðs Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Svörunum fylgdu ítarlegar greinargerðir um fyrirkomulag þessara mála.

Í málefnsamningi ríkisstjórnarinnar var m. a. talað um að taka skipulag olíusölunnar til endurskoðunar með það fyrir augum, að sjávarútveginum verði tryggt hagstætt olíuverð. Með þetta í huga og þar sem þáttill. felur ekki í sér neina frekari stefnumörkun umfram það, sem stefnt er að af hálfu ríkisstjórnarinnar, er það tillaga meiri hl. atvinnumálanefndar, að umræddri þáttill. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 5. apríl 1973.

Ásgeir Bjarnason,
form.

Ragnar Arnalds,
fundaskr.

Björn Pálsson,
frsm.

Pétur Sigurðsson,
með fyrirvara.

Karvel Pálmason.